

SVAR

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Arna Ýr Sævarsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu þjónustu og umbreytinga

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins vegna viljayfirlýsingar Reykjavíkurborgar um rafræn byggingaleyfi

Á fundi stafræns ráðs þann 28. ágúst 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa flokksins, sbr. 13. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Í ljósi þess að Reykjavíkurborg hefur undirritað viljayfirlýsingu um þátttöku í sameiginlegu verkefni um stafræn byggingarleyfi með Mannvirkja og húsnæðisstofnun, Sambandi Íslenskra sveitarfélaga og Stafrænu Íslandi, vill fulltrúi Flokks fólksins fá upplýsingar um hvað gert verði við lausnina BYGG2 sem Reykjavíkurborg lagði tíma og fjármagn í og innleiddi að hluta til árið 2022? Spurt er hvort ekki sé hægt að hætta með BYGG2 og nota alfarið HMS lausnina sem allir virðast vera að nota? Einnig er óskað upplýsinga um hver var heildarkostnaður við innleiðingu BYGG2 og rafrænnar mannvirkjaskrár sem Reykjavíkurborg innleiddi á svipuðum tíma og yfirgripsmikil og ítarleg mannvirkjaskrá Húsnæðis og mannvirkjastofnun var innleidd?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 30. ágúst 2024.

Svar:

Með vísan í bréf þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 19. janúar 2024, þar sem óskað var eftir að borgarráð heimilaði þjónustu- og nýsköpunarsviði fyrir hönd umhverfiss- og skipulagssviðs að hefja verkefnið BYGG 2.0, og samþykkt var í borgarráði sbr. 19. lið fundargerðar ráðsins frá 25. janúar 2024, voru markmið og ávinningur verkefnisins eftirfarandi:

- Gera umsóknir og eyðublöð BYGG sem enn eru ekki stafræn aðgengileg á Mínum síðum Reykjavíkurborgar.
- Halda við og bæta eins og mögulegt er núverandi tengingu HMS og Hlöðunnar sem Hugvit vinnur að, þannig að hún skili tilhlýðilegum gögnum rétt og tímanlega til BYGG, þangað til hægt verður að taka upp nýja HMS-gátt.
- Taka þátt í framþróun með HMS og Kolibri á nýrri gátt fyrir byggingarleyfisumsóknir og gagnaskil, að því marki sem uppfyllir kröfur borgarinnar fyrir umsóknir til BYGG.



- Bæta verklag og framsetningu rafræns innsiglis og vatnsmerkinga BYGG á rafrænar teikningar.
- Endurskoða framsetningu upplýsinga á vefsíður BYGG út frá aðlöguðu og bættu vöru- og þjónustuframboði.

Verkefnið felur í sér stafræna umbreytingu á þjónustuferlum og verklagi embættis byggingarfulltrúa, en er ekki sjálfstæð vara eða kerfi.

Viljayfirlýsing HMS, SÍS, Ísland.is og Reykjavíkurborgar um samræmt verklag sveitarfélaga í byggingarmálum felur meðal annars í sér samstarf við HMS og Kolibri um að útfasa eldri HMS-gáttina (sem áætlað er að loka) og innleiða nýja og endurbætta gátt fyrir umsóknir. HMS-gáttin er í eigu og rekin af Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og er ætluð til notkunar fyrir öll sveitarfélög landsins.

Heildarkostnaður við verkbeiðnir tengdar rafrænum byggingarleyfaumsóknum, sem fólust meðal annars í að tengjast núverandi HMS-gátt til að taka á móti rafrænum byggingarleyfaumsóknum, og BYGG 2.0 verkefninu, sem fjallað hefur verið um hér að ofan, nam 59.336.005 kr. Þessi kostnaður var greiddur af eignasjóði á árunum 2022-2024.

Verkefni sem nefnd eru hér að ofan, ásamt rafrænni mannvirkjaskrá, eru aðskilin verkefni. Verkefnið um rafræna mannvirkjaskrá er ekki á forræði þjónustu- og nýsköpunarsviðs eða Reykjavíkurborgar, þar sem sú skrá er í eigu HMS, og því er ekki hægt að svara fyrir kostnað hennar.

F.h. þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Arna Ýr Sævarsdóttir,
Skrifstofustjóri þjónustu og umbreytinga